



Reykjanesbæ, 01.11.2016.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2017 - 2022

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árin 2017 – 2022, var lögð fram þriðjudaginn 1. nóvember 2016.

Reykjanesbær leggur fram að þessu sinni fjárhagsáætlun til 6 ára, 2017-2022.

Í fjárhagsáætluninni kemur fram að í bæjarsjóði (A-hluta) að framlegð rekstrar batnar verulega frá árinu 2015 sem og frá útkomuspá 2016 og verður um 1.511 m.kr. Í Sókninni sem var kynnt fyrir tveimur árum er gert ráð fyrir að framlegð úr rekstri bæjarins þyrfti að aukast um 900 m.kr. Rekstrarniðurstaða eftir afskriftir í bæjarsjóði er jákvæð og er um 1.117 m.kr.

Vegna skuldastöðu bæjarfélagsins eru fjármagnsgjöldin há m.a. að teknu tilliti til áætlaðrar verðbólgu sbr. Þjóðhagsspa og eru fjármagnsgjöldin áætluð 1.516 m.kr. í bæjarsjóði.

Gert er ráð fyrir að fjármagn vegna nýframkvæmda verði 300 m.kr. Einnig er gert ráð fyrir að á árinu 2017 verði byggður nýr leikskóli og á árinu 2018 verði byggður 1. áfangi af nýjum grunnskóla.

Gert er ráð fyrir 1,6% íbúafjölgun árlega frá árinu 2017. Útsvar verður 15,05% á árinu 2017 en mun svo lækka aftur í 14,52% frá 1. janúar 2018.

Hvað varðar skuldir og skuldbindingar Reykjanesbæjar og dótturfyrirtækja (Reykjaneshöfn og Fasteignir Reykjanesbæjar) þá er í þessari fjárhagsáætlun gert ráð fyrir endurfjármögnun lána og leiguskuldbindinga.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða samstæðu (A+B hluti) árið 2017 er neikvæð um 244 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs (A hluti) árið 2017 er neikvæð um 400 m.kr.
- Eignir samstæðu árið 2017 er 49,9 milljarða.kr.
- Eignir bæjarsjóðs árið 2017 er um 26 milljarða.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu árið 2017 er 44,5 milljarða.kr.
- Skuldir og skuldbindingar bæjarsjóðs árið 2017 er 24,3 milljarða.kr.
- Veltufé frá rekstri samstæðu árið 2017 er 3.510 m.kr.
- Veltufé frá rekstri bæjarsjóðs árið 2017 er 1.370 m.kr.
- Framlegð samstæðu árið 2017 er 21,5%
- Framlegð bæjarsjóðs árið 2017 er 12%

Nánari upplýsingar veitir bærarstjóri, Kjartan Már Kjartansson
(kjartan.m.kjartansson@reykjanesbaer.is)